



Kynning mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Notendaráð í félagsstarfi aldraða hjá velferðarsviði

Þórhildur Guðrún Egilsdóttir
deildarstjóri öldrunarmála velferðarsviði



Félagsmiðstöðvar velferðarsviðs

Félagsmiðstöðvar velferðarsviðs eru á 17 stöðum í borginni. Í Laugardal og Háaleiti eru þær sjö talsins, í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum fjórar, í Breiðholti tvær, í Grafarvogi og á Kjalarnesi ein og í Árbæ ein. Allar félagsmiðstöðvarnar eru reknar af velferðarsviði nema Sléttan, félagsmiðstöð á Sléttuvegi 25 sem Hrafnista rekur.



Félagsstarf

Mikil áhersla er lögð á sjálfsprottið félagsstarf og hver og einn getur haft áhrif á þróun þess. Í boði er heitur matur í hádeginu, félagsskapur, samvera og sjálfboðastarf fyrir þá sem vilja. Fjölbreytt framboð er á námskeiðum og má þar nefna t.d. dans, útigöngu, leikfimi, qi gong jafnvægisþjálfun, ýmis námskeið tengd tréverki, leirgerð, glerlist og textíl, skák, bingó og fjölbreytt spilamennska, ýmsar ferðir t.d. á söfn og menningarviðburði, veislur og þorrablót



Notendaráð í félagsstarfi

- Notendaráð eru starfandi á 12 af 17 félagsmiðstöðvum
- Þau kallast ýmsum nöfnum; notendarráð, íbúaráð, heimilisráð, æðsta ráð, stjórn, opinn fundur.
- 6-9 manns eru að jafnaði í ráðinu
- Kosið er í ráðið eða fólk beðið að taka þátt, oftast í 1-2 ár í senn.
- Fundir eru haldnir 1 x í mánuði
- Hlutverk ráðanna er að koma með tillögur fyrir félagsstarfið og vera með í skipuleggja viðburði. Meðlimi ráðsins eru talsmenn þátttakenda. Koma með ábendingar.
- Verkefnastjóri/virkniþjálfari sér um að boða og halda utan um fundi og skráir fundargerðir.
- Í ráðunum er helst fjallað um matinn, dagskrá félagsstarfsins, ferðir, kvöldskemmtanir, ýmislegt í húsinu, styrkumsóknir, ráðstöfun styrkja, samskipti milli hópa o.fl.



Takk fyrir!